

Mál nr. 28/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingarfélagið Y v/ bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Glerárgötu, Hörgárbrautar og Borgarbrautar á Akureyri.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 13.2.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.2.2006.
3. Bréf Y, dags. 27.2.2006.

Málsatvik.

Þann 19.12.2005 var bifreiðinni A ekið norður Glerárgötu og beygt til vinstri áleiðis vestur Borgarbraut. Bar þá að bifreiðina B eftir Hörgárbraut úr norðri og var henni ekið inn á gatnamótin. Rákust þá saman framendi A og vinstra framhorn B. Samkvæmt fyrirbyggjandi vettvangsuppdrætti lögreglu mældust hemlaför eftir B um 8-8,5 m. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið inn á gatnamótin á móti grænu ljósi og stöðvað þar vegna umferðar á móti, þ.e. til suðurs eftir Hörgárbraut. Er gult ljós kviknaði hafi einni bifreið verið ekið suður yfir gatnamótin, en önnur bifreið hafi verið stöðvuð við gatnamótin. Taldi hann þá óhætt að aka áfram til að rýma gatnamótin. Hann hafi ekki orðið var við ferðir B fyrr en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 50 km hraða á klst. og grænt ljós hafi logað andspænis sér. Hann hafi ekki orðið var við A fyrr en árekstur varð.

Vitni, sem var farþegi í A, kvað ökumann A hafa ekið inn á gatnamótin gegnt grænu ljósi og stöðvað þar vegna umferðar á móti. Er gult ljós hafi kviknað hafi bifreið á leið til suðurs verið stöðvuð á miðakrein á móti þeim. Ökumaður A hafi þá ekið áfram til að hreinsa gatnamótin, en skyndilega hafi B verið ekið á A. Vitnið kvaðst ekki hafa séð B fyrr en árkekstur varð.

Álit.

Ökumanni A bar að víkja fyrir B sem kom á móti honum, sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þótt ökumaður A og vitni í bifreiðinni beri að A hafi verið ekið af stað eftir að gult ljós kviknaði á móti umferð á Glerárgötu og Hörgárbraut er ósannað að ökumanni B hafi verið óheimilt að aka áfram yfir gatnamótin, en ökumaður skal ekki nema staðar andspænis gulu ljósi ef hann er kominn það langt fram að stöðvun muni hafa hættu í för með sér, sbr. 5. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Ósannað er að rautt ljós hafi logað á móti honum. Ekki eru efni til að leggja sök á ökumann B og verður öll sök felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 3. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.